

**Sp.**

**424. Tillaga til þingsályktunar**

[210. mál]

um bætt sjónvarpsskilyrði á Vestfjarðamiðum.

Flm.: Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar ráðstafanir til, að bætt verði móttökuskilyrði fyrir sjónvarp á fiskimiðunum úti fyrir Vestfjörðum.

**Greinargerð.**

Vart þarf á að minna, hversu miklu og mikilvægu hlutverki sjónvarpið gegnir meðal þjóðarinnar. Þótt vissulega hafi mikið verið gert í því að dreifa sjónvarpi um landsbyggðina, er talsvert, sem á skortir, að sjónvarpið nái til allra landsmanna, þar á meðal þeirra mörgu sjómanna, sem fiskveiðar stunda mikinn hluta úr árinu.

Þó að víða sé úrbóta þörf í þessum efnum, munu vestfirzkir sjómenn vera langverst settir að því er varðar móttökuskilyrði sjónvarps á miðum úti.

Póst- og símamálastjórnin lét á síðasta ári gera athugun á leið til að beina sjónvarpsmerki út á miðin úti fyrir Vestfjörðum. Er helzt talið koma til greina að reisa endurvarpstöð á Barða. Bent er á, að endurvarpsstöð á Barða muni einnig að einhverju leyti geta þjónað byggðinni á Ingjaldssandi, sem nýtur ekki sjónvarps eins og nú er. Kostnaðaráætlun fylgdi þessari athugun, og var hún að upphæð 4 500 þús. kr. Verður það að teljast óveruleg upphæð, þegar tillit er tekið til þeirrar miklu og sjálfsögðu þjónustu, sem þetta mundi veita sjómönnum og öðrum þeim, sem þessa nytu, — þjónustu, sem sjómenn eiga sannarlega skilið ekki síður en aðrir landsmenn. Með því hugarfari er tillaga þessi flutt.